

nefndu brjefi yðar, að ráðaneytið um 6. tölulið skírskótar til brjefs þess frá 21. septbr. 1894, er þjer hafið tilfært, en að því er snertir 7. töluliðinn, verður ráðaneytið, í samræmi við tillögur yðar, að telja það nauðsynlegt, að hinn umgetni peningaforði, er var 235149 kr. 43 a. 1. janúar þ. á., en síðan hefir minkað um 100000 kr. við sjerstaklega innborgun í jarðabókarsjóð á jafnmikilli upphæð, sje til taks til hinna sjerstaklegu ráðstafana, er fje er veitt til á fjárhagstímabilinu, og til munu ganga allstórar fjárupphæðir,

Brjef landshöfðingja.

Jafnframt því að senda hjermeð þingsályktanir samþykktar eptir löglegan undirbúning af báðum deildum alþingis síðastliðið sumar út af tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1894 og 1895, bæði eins og þær komu frá alþingi og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfyllst leyfa mér að taka fram það, er hjer fer á eptir.

Um 1. Jeg get eigi sjeð neitt því til fyrirstöðu, að alþingi fái uppfyllta ósk sína í því efni, sem hjer um ræðir.

Um 2. Um leið og jeg vísa til svara minna til 5. gr. í athugasemdunum við landsreikninginn 1894, skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að landsreikningi hverjum fylgi skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem við hver árslok eru til á landshöfðingjaskrifstofunni.

Um 3. Það er auðvitað, að reikningar yfir kostnað við vegagjörðir eiga að vera ljóst og skipulega samdir, og endurskoðaðir á tilhlýðilegan hátt, og gegn ábending hjerumræddrar tillögungreinar um hið gagnstæða, verð jeg að halda því fast fram, að hinir umræddu reikningar sjeu skipulega samdir og endurskoðaðir á tilhlýðilegan hátt, þar sem allir reikningar fyrir vegagjörðir eru endurskoðaðir á skrifstofu landshöfðingja áður en þeir eru ávísaðir til útborgunar, og auk þess eru reikningar þeir, er snerta hinar stærri vegagerðir, endurskoðaðir af vegaverkfræðingnum; svo hefir og hinn umboðslegi endurskoðandi tækifæri til að endurskoða alla reikninga, er ávísaðir eru til útborgunar úr jarðabókarsjóði. Jeg verð því að telja þessa tillögu óþarfa, en hefi annars ekkert á móti henni að efni til.

Um 4. Ekki hefi jeg heldur neitt á móti því, að andvirði fyrir seld vegabótaáhöld sje borgað sjer inn í jarðabókarsjóð og fært til tekjumegin meðal óvissra tekna (2. gr. 13 í fjárlögunum), eins og einatt hefir átt sjer stað á seinni árum.

Um 5. Hið sama er að segja um tillöguna um það, að landsreikningnum fylgi eptirleiðis skrá yfir vegabótaáhöld landssjóðs og skýrsla um hinar meiri vegagjörðir, er framkvæmdar eru á ári hverju.

Um 6. Um þessa tillögu skírskota jeg til brjefs míns frá 23. okt. 1893 og brjefs hins háa ráðaneytis frá 21. septbr. 1894.

Um 7. Um leið og þess er getið, að eptir fjárlagafrumvarpi því, er alþingi hefir samþykkt síðastliðið sumar, mun að líkindum þurfa á öllum peningaförða landssjóðsins að halda á næsta fjárhagstímabili, vil jeg skjóta tillögungrein þeirri, er hjer er um að ræða, til hæstvirts úrskurðar hins háa ráðaneytis.

Brjef raðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um innborningsrjett. Að gefnu tilefni frá innaukiskiráðaneytinu eruð þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega umbeðinn að leiða athygli amtmannanna að ákvæðum 2. gr. laga frá 19 marz þ. á., um að öðlast og missa rjett innborinna manna, sem prentuð eru í nr. 12 í A deild stjórnartíðindanna 1898. Ákvæði þessi eru: »Þeir, er hafa eigi öðlast

60 13. maí. rjett innborinna manna við fæðinguna, en eru þó fæddir hjer í ríki, öðlast þann rjett, ef þeir hafa haft stöðugt heimili hjer frá fæðingu sinni til fullra 19 ára, nema því að eins að þeir hafi síðasta árið lýst því skriflega yfir fyrir yfrumboðsstjórninni, að þeir vilji eigi öðlast danskan rjett innborinna manna, og hafi því næst sannað það með löggildu vottorði, að þeir hafi ríkisborgararjett í öðru landi. Þess konar yfirlýsing dugir þó ekki þeim, er borinn er af útlending, er sjálfur hefir á þenna hátt haldið ríkisborgararjetti sínum erlendis.

Auk þess er beiðzt, að áðurnefndum embættismönnum verði gefið til vitundar, að, ef efasemdir kynnu að verða á um það, hvort nægileg sönnunarskilríki væru fram komin um ríkisborgararjett hlutaðeiganda manns í öðru landi, þá ber að leita um það úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland, og að gefa eigi hlutaðeiganda viðurkenning um yfirlýsing hans.

61 28. maí. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð** (Stafholtskirkju). Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 28. febrúar þ. á., hefir hans hátign konunginum, eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum, 24 þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi sitt til þess, að makaskipti sjeu höfð á hálfendunni Köldukinn í Haukadalshreppi í Dalasýslu, sem heyrir unðir Stafholtsprestakall í Mýraprófastsdæmi, og bændaajörðinni Grafarkoti í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, með því skilyrði, að hin fyrnefnda hálfenda verði eptirleiðis skoduð sem bændaiegn, að því er alla skatta og skyldur snertir, en hin síðarnefnda jörð teljist í flokki annara kirkjujarða.

62 11. maí **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu- båtserða um Ísafjarðardjúp.** Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., hafid þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að sýslunefnd Norðurísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi samið við útgerðarmann gufubátsins »Ásgeirs litla« um að bátur þessi fari 33 ferðir um Ísafjarðardjúp á þessu sumri, og að í þessu skyni hafi verið veitt af bæjarsjóði og sýslusjóði samtals 700 krónur. Jafnframt þessu hafid þjer í umboði nefndrar sýslunefndar og bæjarstjórnar beiðzt þess, að til ferða þessara yrðu veittar úr landssjóði þær 2500 kr., sem í núgildandi fjárlögum 12. gr. C III. 2. c, eru ætlaðar til slíkra ferða 1898.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlegast til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjermeð veiti 2500 kr. til umgetinna gufubátsferða um Ísafjarðardjúp 1898 af fje því, sem til slíkra ferða er ætlað í nefndri grein fjárlaganna, og mun styrkur þessi verða útborgaður úr landssjóði að afloknum hinum umsömdu ferðum.

63 25. maí **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lotteri.** Samkvæmt beiðni frúnna Elíнар Eggertsdóttir og Fr. Briem, og fröken H. Gísladóttur, og samkvæmt tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10.